

Greinargerð um mögulega samstarfsaðila um orkunýtingu á Norðausturlandi

Unnið af verkefnisstjórn NAUST á grundvelli viljayfirlýsingar milli
iðnaðarráðherra, Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

	bls.
1. Inngangur	3
2. Lýsing á verkefninu	3
3. Raforka	4
4. Staðarval	7
5. Önnur atriði viljayfirlýsingar.	9
6. Mögulegir samstarfsaðilar	9
7. Næstu skref.....	11

1. Inngangur

Verkefnisstjórn var sett á laggirnar í kjölfar undirritunar viljayfirlýsingar iðnaðarráðuneytisins og sveitarfélaganna á Norðausturlandi; Norðurþings, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps þann 22. október 2009 um samstarf á sviði orkurannsókna, orkunýtingar og stórfelldrar atvinnuuppbyggingar í Þingeyjarsýslum.

Verkefnisstjórnin, sem kosið hefur að nota NAUST sem vinnuheiti á þessu verkefni, ber ábyrgð á leit að mögulegum samstarfsaðilum um atvinnuuppbyggingu sem byggir á hagnýtingu orkunnar frá háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum til að skapa nokkur hundruð varanleg störf á svæðinu.

Verkefnisstjórnina skipa:

Martha Eiríksdóttir, formaður	Iðnaðarráðuneytið/Fjárfestingastofa
Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri	Norðurþing
Einar Mathiesen, framkvæmdastjóri Orkusviðs	Landsvirkjun
Margrét Hólm Valsdóttir, oddviti	Skútustaðahreppur
Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga,
Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri	Þingeyjarsveit

Greinargerð þessi er úttekt á fyrstu athugun á mögulegum samstarfsaðila/um sem ljúka átti þann 1. apríl sl. en vegna heimsóknar áhugasamra aðila í apríl var ákveðið að skila greinargerðinni að þeirri heimsókn lokinni.

2. Lýsing á verkefninu

Í viljayfirlýsingunni segir m.a. „...Verkefnisstjórnin skal ljúka fyrstu athugun á mögulegum samstarfsaðilum fyrir 1. apríl 2010 og nýta svo tímann til 1. október 2010 til nánari viðræðna og samningagerðar við þá sem til greina koma. Verkefnisstjórnin mun setja sér verklagsreglur um hvernig val á samstarfsaðila /samstarfsaðilum verði háttað og með hvaða hætti gengið verði til samninga við orkukaupanda / orkukaupendur.“

Verkefnisstjórnin hélt sinn fyrsta fund 18. nóvember 2009 og hefur alls haldið 7 vinnufundi víðsvegar á landinu og 3 símafundi. Samhliða hefur verkefnisstjórnin fundað með fulltrúum frá; Fjárfestingarstofu til að kynna möguleikum á erlendri fjárfestingu, Landvirkjun Power ehf. til að kynna stöðu skipulagsmála og rannsókna á sviði jarðhita á Norðausturlandi þ.e. Þeistareykja, Gjástykki, Bjarnarflagi og Kröflu (en félagið annast rannsóknir í umboði Landsvirkjunar og Þeistareykja

ehf.) og Landsneti hf. til að skoða möguleika og áform um línulagnir vegna tenginga við virkjanir á svæðinu. Þá hefur formaður verkefnisins ásamt fulltrúum í verkefnisstjórninni átt fundi með fjölmörgum sérfræðingum, ráðgjöfum og fjárfestum sem hafa sett sig í samband vegna verkefnisins. Jafnframt hefur verið náíð og gott samstarf við starfsmenn Fjárfestingastofu á mörgum sviðum sem tengjast verkefninu.

Formaður verkefnisstjórnar ásamt fulltrúa ráðuneytisins hefur auk þess átt fundi með forstjóra og starfsmönnum Landsvirkjunar til að ræða mikilvægi samvinnu milli aðila viljayfirlýsingarinnar við Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. sem er grundvallarforsenda fyrir framhald verkefnisins og frekari samningaviðræðum við þá aðila sem til greina koma.

Verkefnisstjórnin hefur fundað með huganlegum samstarfsaðilum, ráðgjöfum og fjárfestum sem lýst hafa yfir áhuga á að nýta orkuna á Norðausturlandi til iðnaðarstarfsemi og skipulagðar hafa verið heimsóknir til að sýna áhugasömum svæðið og þær aðstæður sem þar eru fyrir hendi. Verkefnisstjórnin átti einnig fund á Reyðarfirði með forsvarsmönnum Alcoa á Íslandi.

Skoðun á samstarfsaðilum er einskorðuð við þá sem hafa lýst yfir áhuga á samstarfi um orkunýtingu á svæðinu þar sem verkefnisstjórn hefur ekki átt kost á að leita markvisst til útlanda að ákveðnum fyrirfram skilgreindum markhópum en hefur í því sambandi notið góðs af þeirri vinnu sem Fjárfestingastofa hefur unnið í þeim efnum.

Samhliða hefur verið viðað að sér fjölbreyttri þekkingu með viðtölum og fundum við sérfræðinga og ráðgjafa á ýmsum tengdum sviðum, auk þess sem unnið hefur verið áfram að margvíslegum greiningum fyrir svæðið, s.s. SVÓT greiningu (styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri), samkeppnisgreiningu og gerð kynningarefnis sem nauðsynlegt er við markaðssetningu svæðisins og mun m.a. nýtast orkufyrirtækjunum við sölu raforkunnar.

3. Raforka

3.1 Orkuöflun

Á Norðausturlandi hefur verið unnið að margvíslegum rannsóknum á sviði orkuöflunar. Í umboði Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. hefur Landsvirkjun Power ehf. unnið að jarðhitarannsóknum, virkjanaundirbúningi, umhverfisrannsóknum og umhverfismati vegna mögulegra virkjanakosta á svæðinu.

Á grundvelli þeirra rannsókna er talið að afkastageta svæðisins sé:

Þeistareykir	200 MW
Bjarnarflagsvirkjun	90 MW
Stækkun Kröflustöðvar	150 MW (*)
	(*)Erfitt getur reynst að beisla hluta afslisins á Kröflusvæðinu vegna erfiðar efnasamsetningar jarðhitavökvans

Talið er að orkugeta svæðisins standi undir a.m.k. 330 – 440 MW framleiðslu. Landvirkjun Power ehf. telur ekki unnt að staðfesta orkugetu svæðisins umfram það á grundvelli fyrirbyggjandi rannsókna. Rannsóknir á orkugetu svæðisins er umfangsmikið og kostnaðarsamt verkefni sem gera má ráð fyrir að standi yfir í langan tíma. Samhliða því sem svæðið verður tekið til orkunýtingar fæst betri þekking og reynsla á orkugetu einstakra hluta þess. Núverandi raforkuframleiðsla á svæðinu er 90 MW þ.a. 60 MW í Kröflu og 30 MW í Laxá.

Einstakir virkjunarkostir eru mislangt komnir í undirbúningi, lengst í Bjarnarflagi, þar sem fyrir liggur umhverfismat, virkjanaleyfi og unnið er að verkhönnun. Í Kröflu liggur fyrir umhverfismat varðandi stækkun Kröflu I (40 MW), en unnið er að umhverfismati fyrir Kröflu II. Á Þeistareykjum liggur fyrir svæðisskipulag og frummatsskýrsla virkjunar er til kynningar þessa dagana sem hluti af sameiginlegu mati fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Athugasemdum skal skilað til Skipulagsstofnunar eigi síðar en 14. júní 2010.

Að mati Orkustofnunar frá 2009 er aflgeta svæðisins (Bjarnarflag, Krafla, Þeistareykir, Gjástykki) um 600 MW, sjá <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/OS-2009/OS-2009-009.pdf> bls. 12

3.2 Raforkuflutningur

Fjárfesting í raforkuflutningsvirkjum er veigamikill þáttur sem hefur áhrif á hagkvæmni og arðsemi einstakra iðnaðarkosta þó svo að hafa beri í huga að flutningskostnaður er einungis hluti af heildarkostnaði. Í þessu sambandi skiptir stærð og staðsetning iðnaðarframleiðandans miklu máli sem og sú fjárfesting sem ráðast þarf í til að koma starfsemi á laggirnar. Verkefnisstjórnin hefur átt náið samstarf við Landsnet til að greina möguleikana á að afhenda raforku til nýrra viðskiptavina og hvaða styrkingar á flutningskerfinu eða fjárfestingar þarf að ráðast í til að slíkur flutningur sé mögulegur og fjárhagslega fýsilegur. Verkefni geta þó verið hagkvæm í heild sinni þó svo tilkostnaður vegna flutnings kunni að reynast hærrí í ákveðnum tilvikum.

3.3 Sviðsmyndir

Í því skyni að varpa ljósi á þátt raforkuflutningsins í mati á mögulegum iðnaðarkostum voru settar fram þrjár mismunandi sviðsmyndir sem Landsnet var beðið um að gera forathugun á. Til viðbótar er gert ráð fyrir því að núverandi tillögur í drögum að matsáætlun um raforkuflutning til álvers á Bakka við Húsavík eigi við um stórnotanda af þeirri stærðargráðu.

Gert er ráð fyrir að nýr viðskiptavinur geri ekki kröfu um tvöfalda tengingu við flutningskerfið eða virkjunarkost. Uppgefið álag uppfylli almennar forsendur Landsnets um að stórnotkun hafi fasviksstuðul 0,98 ($\cos(\pi)$). Gerður er samningur til 20 ára. Nýtingartími er 8500 stundir á ári og flutningstekjur miða við gjaldskrá Landsnets 2010.

Sviðsmyndirnar sem settar voru fram og niðurstaða forathugunar Landsnets við þeim eru eftirfarandi:

<i>Sviðsmynd 1</i>	<i>Sviðsmynd 2</i>	<i>Sviðsmynd 3</i>
<p>Forsendur: Iðnaðarstarfsemi á Húsavík með 45-90 MW álagi og möguleika á aukningu upp í 180 MW. Gera skal ráð fyrir að orkunnar sé aflað frá þeistareykjum og eða Bjarnarflagi.</p>	<p>Forsendur: Iðnaðarstarfsemi við Hafralæk með 45 MW álagi. Gera skal ráð fyrir að orkunnar sé aflað frá þeistareykjum og eða Bjarnarflagi.</p>	<p>Forsendur: Iðnaðarstarfsemi með allt að 20 MW í Bjarnarflagi eða Kröflu og að orkan komi frá nærliggjandi orkuverum.</p>
<p>Forathugun Landsnets</p> <p>gefur til kynna að flutningur sé óhagkvæmur. Til að ná hagkvæmni þyrfti álag nýs viðskiptavinar að vera yfir 150MW m. v. 20 ára nýtingartíma. Gefið að notandi þurfi n-1 öryggi til að tryggja orku þá þarf flutningur að bera yfir 250MW.</p>	<p>gefur til kynna að:</p> <p>a) tenging vegna raforkuflutnings sé óhagkvæm með orkuöflun í Bjarnarflagi Hagkvæmni mætti ná með tvöföldun álags.</p> <p>b) tenging vegna raforkuflutnings sé óhagkvæm með orkuöflun í þeistareykjum en þó rétt yfir hagkvæmnismörkum. Hagkvæmni má ná með um 30 MW álagi til viðbótar eða alls 75 MW.</p>	<p>gefur til kynna að:</p> <p>a) hagkvæmni flutnings sé ekki nægileg m.v. orkuöflun í Bjarnarflagi til að bera fjárfestingakostnað. Tengigjald verður verulegt m.v. 20MW. Þörf á að tvöfalda álag til að nálgast hagkvæmni.</p> <p>b) flutningur er hagkvæmur m.v. orkuöflun í Kröflu. Gott dæmi um tilvik þar bein tenging er við samtengt flutningkerfi og virkjað á sama stað. Mögulegt að auka afhendingu í takt við aukna framleiðslu í Kröflu.</p>

Niðurstöður Landsnets á þessari forathugun eru í megindráttum eftirfarandi:

„...að því fjær sem iðnaðarsvæði og orkuöflunarsvæði eru frá núverandi 132kV tengivirkjum Landsnets því meiri kostnaður fellur til vegna nýrra flutningsleiða og þeim mun meiri líkur eru á að hagkvæmni sé ekki náð. Þetta á enn frekar við ef álag er lítið og flutningstekur takmarkaðar. Nýjar virkjanir sem kalla á langar tengingar við flutningskerfið s.s.

Þeistareykjavirkjun og Bjarnarflagsvirkjun eru óhagkvæmar í minni verkefnum og gera Landsneti erfitt fyrir varðandi það að mæta þörfum minni viðskiptavina. Ef vilji er fyrir því að búa til forsendur fyrir minni stórnotendur er mikilvægt að velja staðsetningu með það í huga að þar sé hægt að byggja upp iðnaðarstarfsemi fyrir marga minni notendur sem saman eru með tiltölulega hátt álag. Þannig má skapa forsendur fyrir hagkvæmu flutningskerfi sem hefur lágmarksáhrif á umhverfið og náttúru.“

Þess ber að geta að forathuganir Landsnets ber að skoða sem vísbendingar fremur en afgerandi niðurstöður þar sem iðnaðarkostir hafa verið fremur gróft skilgreindir og erfitt að segja til um flutta orku sem og aðrar sértækar kröfur sem kunna að vera frá einstökum viðskiptavinum.

4. Staðarval

Staðarval þarf að taka mið af eðli starfseminnar sem um er að ræða í hverju tilviki. Þannig liggur ljóst fyrir að hafnsækin starfsemi þarf að vera í nálægð við höfn og því sjálfgefið að þess konar starfsemi sé sem næst Húsavíkurhöfn. Önnur starfsemi, t.d. gagnaver þarfnast ekki nálægðar við höfn en hefur hugsanlega þörf fyrir kælivatn, heitt vatn, gufu eða aðrar sértækar aðstæður. Þá kunna að koma upp verkefni sem krefjast nálægðar við aflstöðvar eða staðsetningar nánast við hlið hennar.

4.1. Möguleg iðnaðarsvæði

Innan sveitarfélaganna hafa svæði sérstaklega verið skipulögð sem iðnaðar- og orkuvinnslusvæði. Í Skútustaðahreppi hefur iðnaðarsvæðið við Kröflu og Bjarnarflag lengi verið nýtt til iðnaðar- og orkuvinnslu og skipulagt í því skyni. Svæðið nær frá Bjarnarflagi og teygir sig norður fyrir Víti, vestur fyrir Þríhyrninga og austur í Sandabotnaskarð en þó er þetta svæði ekki samfelld. Þó ber að nefna að innan þessa skipulagssvæðis eru sérstök hverfisverndarsvæði þar sem um er að ræða náttúru sem á margan hátt er einstök.

Norðurþing hefur skipulagt sérstakt iðnaðarsvæði fyrir stóriðnað en það er iðnaðarsvæðið á Bakka, norðan við Húsavík. Einnig er á skipulagi smáiðnaðarsvæði sunnan við Húsavík.

Í Þingeyjarsveit hefur Þeistareykjasvæðið verið skipulagt í sérstöku svæðisskipulagi. Nú liggja fyrir drög að aðalskipulagi sveitarfélagsins og má þar finna svæði sem lagt er til að verði skipulögð sem iðnaðarsvæði, s.s. svæði á Laugum, við Haftralæk, Stórutjarnir og Stóru Tungu í Bárðardal.

4.2. Umhverfis og skipulagsmál

Í Skútustaðahreppi er löng hefð fyrir nýtingu orkuauðlinda svæðisins og hefur mikil þekking á umhverfis og skipulagsmálum safnast þar saman á sl. 40 árum eða frá því virkjun var fyrst reist í

Bjarnarflagi árið 1969. Til er samþykkt umhverfismat fyrir 90 MW virkjun í Bjarnarflagi og fyrirhuguð er stækkun Kröfluvirkjunar í 150 MW.

Þeistareykjasvæðið var skipulagt í sérstöku svæðisskipulagi háhitasvæðanna og tók það skipulag gildi árið 2008. Öll þrjú sveitarfélögin sem standa að viljayfirlýsingunni eru aðilar að fyrirnefndu skipulagi. Gerð aðalskipulags í Þingeyjarsveit og Norðurþingi er nú lokið og fer í auglýsingu í næsta mánuði. Þá stendur yfir endurskoðun á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

4.3 Samkeppnisstaða svæðisins

Styrkur Norðausturlands felst fyrst og fremst í staðsetningu orkuauðlinda á svæðinu. Talið er nokkuð víst að tryggja megi allt að 440 MW af orku á svæðinu og hugsanlega umtalsvert meira til lengri tíma litið.

Veikleikar eru hins vegar í grunngerð raforkukerfisins á svæðinu sem setið hefur á hakanum við uppbyggingu kerfisins á landsvísu. Því verður að tryggja að væntanlegir orkunotendur sem vilja setja sig niður á svæðinu sitji við sama borð og t.d. suðvesturhornið þar sem slík uppbygging hefur átt sér stað um langa hríð.

Fjarlægð frá aðal aðþjófðflugvelli landsins ætti ekki að vera stór hindrun fyrir flestar tegundir af atvinnustarfsemi þó vissulega kalli það á innanlandsflug. Fjarlægð Akureyraflugvallar er þó í ásættanlegri fjarlægð frá væntanlegum athafnasvæðum í Þingeyjarsýslum og eins kann flugvöllur í Aðaldal að nýtast verði þörf fyrir mikla fólksflutninga.

Almennt er grunnþjónusta á svæðinu góð. Heilbrigðisþjónusta og önnur þjónusta á svæðinu geta tekið við umtalsverðri íbúafjölgun án þess að ráðast þurfi í fjárfrekar framkvæmdir. Grunn- og framhaldsskólar á svæðinu eru einnig vel í stakk búnir ef af fjölgun nemenda verður. Þá er vegakerfi svæðisins ágætlega uppbyggt þó svo að styrkja þurfi ákveðna veika hlekki. Má þar nefna m.a. gerð Vaðlaheiðarganga og uppbyggingu Kísilvegjar. Hafnaraðstaða er ágæt og tiltölulega auðvelt að auka afkastagetu hennar verulega. Þá liggja einnig fyrir áætlanir um uppbyggingu nýrra og stærri hafnarmannvirkja eftir því sem þörf kallar á.

Nálægð við Akureyri, næst stærsta þéttbýliskjarna landsins og þar með við stóran vinnumarkað, háskóla og annað tveggja skilgreindra hátæknisjúkrahúsa landsins er ótvíræður styrkleiki sem skapar svæðinu tækifæri í uppbyggingu sem ella væri erfiðara að fást við. Þá er þar að finna margvíslega sérfræðiþjónustu sem nú kann að vanta í Þingeyjarsýslum.

5. Önnur atriði viljayfirlýsingarinnar

Verkefnisstjórnin telur ekki tímabært að stofna sérstakt undirbúningsfélag sem hafi það að markmiði að afla fjár til að ljúka nauðsynlegum orkurannsóknum á háhitasvæðunum þó það kunni að verða síðar.

Mikilvægt er að ívilnanarammi stjórnvalda verði með þeim hætti að tryggt verði að fyrirtæki sem vilja setja sig niður á þeim svæðum þar sem enn hefur ekki verið byggt upp viðunandi samgöngu- og orkuflutningskerfi sitji við sama borð og þau svæði þar sem slíkri uppbyggingu er lokið.

Að öðru leyti bíður verkefnisstjórnin þess að kynna sér frumvarp iðnaðarráðherra um málið áður en hún fjallar frekar um það, en fyrirhugað er að fulltrúi ráðuneytisins komi á fund NAUST til að fara ítarlega yfir efni frumvarpsins sem lagt var fram á þingi í lok mars.

6. Mögulegir samstarfsaðilar

Eins og áður var vikið að fundaði verkefnisstjórnin með allflestum þeim aðilum sem lýst hafa yfir áhuga á að nýta orkuna á svæðinu til stórfelldrar iðnaðarstarfsemi og í mörgum tilvikum var um skipulega kynningu á svæðinu að ræða auk þess sem annarra gagna var aflað.

Verkefnisstjórnin hefur haft eftirfarandi viðmið til grundvallar við flokkun á hugsanlegum samstarfsaðilum:

• Fjárhagslegur styrkur
• Framkvæmdaleg geta
• Þroski verkefnisins og hraði framgangs
• Þekking og reynsla
• Áreiðanleiki og orðspor
• Atvinnusköpun
• Samfélagsábyrgð
• Umhverfisleg sjónarmið
• Fjárhagslegur ávinningur samfélagsins

Á grundvelli þessara viðmiða, funda, fyrirliggjandi gagna og upplýsinga um einstök fyrirtæki og verkefni hefur verkefnisstjórnin ákveðið að skipta þessum iðnaðarkostum í þrjá megin flokka. Flokkunin er til þess gerð að forgangsraða mögulegum kostum þar sem markmiðið er að vinna fyrst og fremst áfram með þá iðnaðarkosti sem taldir eru hvað fýsilegastir, mestar upplýsingar liggja fyrir

um og ætla megi að geti haft tiltölulega hraðan framgang. Verkefnisstjórnin útilokar þó ekki að unnið verði frekar með önnur verkefni en slíkt mun þó ráðast af því að fram komi viðbótar upplýsingar eða önnur atriði sem auka fýsileika þeirra þannig að það gefi tilefni til að breyta flokkun þeirra.

Sömuleiðis útilokar verkefnisstjórnin ekki að aðrar nýjar tillögur verði skoðaðar að því gefnu að þær séu taldar vænlegar útfrá sömu viðmiðum og þær tillögur sem fram að þessu hafa verið til athugunar.

Verkefnisstjórnin er sammála um að flokka þau fyrirtæki/verkefni sem til athugunar hafa komið í eftirfarandi flokka:

Flokkur	Lýsing
Flokkur A	Verkefni sem verkefnisstjórn metur áhugaverð og raunhæf bæði útfrá skilgreindu tæknistigi, reynslu og fjárhagslegum burðum verkefnisaðila.
Flokkur B	Verkefni sem verkefnisstjórn metur áhugaverð og þarfnast ítarlegri skoðunar, bæði hvað varðar tæknilegar skilgreiningar og þekkingarlegan og fjárhagslegan bakgrunn verkefnisaðila.
Flokkur C	Verkefni sem verkefnisstjórn telur á þessu stigi ekki ástæðu til að vinna frekar að. Komi hins vegar fram nýjar upplýsingar frá verkefnisaðilum yrði flokkun verkefna endurskoðuð.

Það er mat verkefnisstjórnar NAUST að við fyrstu athugun uppfylli tvö fyrirtæki fjölmörg af þeim viðmiðum sem verkefnahópurinn hefur haft til hliðsjónar varðandi val á samstarfsaðila og beri að halda áfram viðræðum við þau fyrirtæki. Þessi fyrirtæki eru í flokki A og eru bæði með rekstur álvera í huga ásamt því að skoða möguleika á frekari úrvinnslu áls. Þetta eru iðnaðarkostir sem verkefnisstjórn metur áhugaverða og raunhæfa bæði út frá skilgreindu tæknistigi og fjárhagslegum burðum verkefnisaðila. Bæði fyrirtækin eru líkleg til að geta aflað nægilegs fjármagns til að koma starfseminni á fót, auk þess sem þau hafa þekkingu, getu og reynslu á sínu sviði og búa við greiðan aðgang að hráefni. Sömuleiðis telur verkefnisstjórnin áhugavert að skoða nánar hvaða möguleikar eru á frekari fullvinnslu álframleiðslunnar sem gæti leitt til enn frekari atvinnuuppbyggingar á Norðausturlandi.

Í flokki B eru tilgreind fjögur fyrirtæki/verkefni sem eru talin áhugaverð og þarfnast ítarlegri skoðunar. Í þeim flokki eru hugmyndir um álver og margvíslega úrvinnslu áls, gagnaver, málmblendi og fyrirtæki sem hefur lýst yfir áhuga á að koma inn í rannsóknir og uppbyggingu háhitavirkjana jafnhliða því að nýta orkuna á svæðinu m .a. fyrir efna- og eldsneytisframleiðslu.

Í flokki C eru tilgreind sex fyrirtæki/verkefni á sviði áburðarframleiðslu, gagnavera, háspennukaplaframleiðslu, kolvetnaiðnaðar, ásamt framleiðslu á eldsneyti og rafhlöðum fyrir rafbíla. Það er mat verkefnisstjórnar að verkefni í þessum flokki þurfi að þroskast frekar og komi fram nýjar upplýsingar frá verkefnisaðilum sé möguleiki á að endurskoða flokkun þeirra.

Þá telur verkefnisstjórnin jafnframt að skynsamlegt sé að skoða nánar með hvaða hætti hægt sé að hafa frumkvæði að því að leita að nýjum samstarfsaðilum og verkefnum sem kunna að vera ákjósanleg til atvinnuuppbyggingar á Norðausturlandi.

Engum dylst að rannsóknir, orkuöflun, bygging orkuvera, tengivirkja og lagning raforkulína kallar á umtalsverða fjárfestingu í stofnkostnaði til viðbótar við það fjármagn sem þegar er búið að verja í þessum tilgangi á Norðausturlandi. Ljóst er að það er ekki hagkvæmt að ráðast í svo umfangsmiklar fjárfestingar nema til komi orkunýting til lengri tíma í því magni sem skilar viðunandi arðsemi á allar þessar fjárfestingar, hvort heldur sem er með samningi við einn stóran aðila eða marga litla, eða samblandi af samningum við einn stóran aðila og nokkra smærri. Nokkuð víst verður að teljast að óhagkvæmt er að ráðast í slíkar framkvæmdir nema orkunotkun nái ákveðnu lágmarki og að vænlegra sé til atvinnuuppbyggingar að semja við einn stóran aðila í upphafi sem getur laðað að sér fleiri í kjölfarið með minni og fjölbreyttari atvinnustarfsemi.

7. Næstu skref

Eins og fram kemur að framan telur verkefnisstjórnin að næstu skref séu að:

- Vinna nánar að þeim kostum sem tilgreindir eru í flokkum A og B og skoða aðilana betur.
- Kanna vilja orkufyrirtækjanna um frekara samstarf við val á samstarfsaðilum.
- Skoða með hvaða hætti hægt sé að hafa frumkvæði að því að leita að nýjum samstarfsaðilum og verkefnum.
- Upplýsa um niðurstöður greinargerðarinnar